

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1311/2014****2016/EES/18/38**

frá 10. desember 2014

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 976/2009 að því er varðar skilgreiningu á  
INSPIRE-lýsigagnastaki (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 <sup>(2)</sup> eru settar fram reglur um framkvæmd allrar netþjónustu nema þjónustunnar sem gerir kleift að virkja landgagnaþjónustu.
- 2) Rekstrarsamhæfi landgagnaþjónustna einkennist af getu þeirra til að miðla gögnum, keyra þau og flytja sín á milli. Skilyrði fyrir virkjun landgagnaþjónustnanna er að viðkomandi upplýsingar séu aðgengilegar. Aðildarríkin veita aðgang að lýsigagnastökunum sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 <sup>(3)</sup> með leitarþjónustunum, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2007/2/EB, í samræmi við reglur um framkvæmd í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009. Með framkvæmdarreglunum fyrir landgagnaþjónustur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 <sup>(4)</sup> eru tekin upp ný lýsigagnastök fyrir landgagnaþjónustur og því þarf að uppfæra skilgreininguna á lýsigagnastaki í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 til að hægt sé að leita og fá aðgengi að nýjum lýsigagnastökum með leitarþjónustum aðildarríkjanna.
- 3) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 976/2009 til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 7. liðar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 976/2009 komi eftirfarandi:

„7. „INSPIRE lýsigagnastak“: lýsigagnastak sem sett er fram í B-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1205/2008 eða í B-hluta V. viðauka, B-hluta VI. viðauka og B-hluta VII. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 (\*).

(\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11).“

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn (Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---